

Reykjavík, 30. október 2020

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd

Efni: Umsögn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2021, 5. mál.

Hjálagt er umsögn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2021, 5. mál.

Breyting á eftirlitsgjaldi, 15. gr. frumvarpsins

Í ákvæðinu er lögð til breyting á samsetningu eftirlitsgjalds lífeyrissjóða með hækkun á föstu gjaldi og lækkun á breytilegu gjaldi. Með breytingunni er ætlunin að taka tillit til þeirrar fækkunar lífeyrissjóða sem hefur orðið á undanförmum árum. Þannig að fastagjaldið sé áfram svipað hlutfall af heildargjaldi lífeyrissjóðanna og verið hafði.

LSR telur mikilvægt að eftirlitsgjaldið endurspegli þann kostnað sem fellur til við eftirlit hjá hverjum sjóði fyrir sig. Eftirlitsgjald lífeyrissjóða hefur hækkað úr 305 milljónum kr. fyrir árið 2017 í 331 milljón kr. fyrir árið 2020. Hækkunin á þessum þremur árum nemur 8,5%. Á sama tíma hefur sá hluti af gjaldinu sem LSR greiðir hækkað um 36%. Samanlögð hækkun eftirlitsgjaldsins til annarra lífeyrissjóða en LSR hefur á sama tíma numið 5% sbr. meðfylgjandi töflu.

Sú breyting á eftirlitsgjaldinu sem kemur fram í þeim frumvarpsdrögum sem eru hér til umsagnar tryggir að mati LSR eðlilegri dreifingu á eftirlitsgjaldinu milli lífeyrissjóða en verið hefur sl. 3 ár. Með hliðsjón af framansögðu styður LSR að 15. gr. frumvarpsins nái fram að ganga óbreytt.

Virðingarfyllt,



Nöfn lífeyrissjóða	Eftirlitsgjald FME 2021 - miðað við frumvarpsdrög			FME eftirlitsgjald 2017			Breyting FME gjalds 2017-2021		Breyting FME gjalds 2017-2020	
	Fast	Breytilegt	Samtals	Fast gjald	Breytilegt	Samtals	Fjárhæð	Br. %	Fjárhæð	Br. %
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	11.280.000	26.271.331	37.551.331	9.400.000	22.358.998	31.758.998	5.792.332	18,2%	11.455.747	36,1%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	11.280.000	22.402.331	33.682.331	9.400.000	22.386.950	31.786.950	1.895.381	6,0%	5.227.381	16,4%
Gildi lífeyrissjóður	11.280.000	17.068.156	28.348.156	9.400.000	17.453.993	26.853.993	1.494.163	5,6%	4.289.694	16,0%
Birta lífeyrissjóður	11.280.000	11.154.528	22.434.528	9.400.000	11.964.993	21.364.993	1.069.536	5,0%	2.461.365	11,5%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	11.280.000	7.344.822	18.624.822	9.400.000	6.668.316	16.068.316	2.556.506	15,9%	2.513.992	15,6%
Almenni lífeyrissjóðurinn	11.280.000	6.948.747	18.228.747	9.400.000	6.679.587	16.079.587	2.149.160	13,4%	2.211.450	13,8%
Stapi lífeyrissjóður	11.280.000	6.613.090	17.893.090	9.400.000	6.875.987	16.275.987	1.617.103	9,9%	1.675.024	10,3%
Brú lífeyrissjóður	11.280.000	6.431.586	17.711.586	9.400.000	4.388.660	13.788.660	3.922.926	28,5%	3.994.965	29,0%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	11.280.000	4.756.052	16.036.052	9.400.000	5.358.789	14.758.789	1.277.263	8,7%	920.218	6,2%
Festa lífeyrissjóður	11.280.000	4.559.071	15.839.071	9.400.000	4.310.681	13.710.681	2.128.390	15,5%	1.459.334	10,6%
Lífsverk lífeyrissjóður	9.720.000	2.699.800	12.419.800	8.100.000	2.544.413	10.644.413	1.775.388	16,7%	900.165	8,5%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	9.720.000	2.559.954	12.279.954	8.100.000	2.102.971	10.202.971	2.076.983	20,4%	1.012.074	9,9%
Lífeyrissjóður bankamanna	9.720.000	2.171.637	11.891.637	8.100.000	2.592.499	10.692.499	1.199.139	11,2%	433.502	4,1%
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	9.720.000	2.139.716	11.859.716	8.100.000	2.770.394	10.870.394	989.322	9,1%	283.185	2,6%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	9.720.000	1.577.848	11.297.848	8.100.000	1.740.833	9.840.833	1.457.015	14,8%	329.690	3,4%
Eftirlaunarsjóður FÍA	9.720.000	1.124.079	10.844.079	8.100.000	1.141.548	9.241.548	1.602.531	17,3%	306.497	3,3%
Lífeyrissjóður bænda	9.720.000	961.520	10.681.520	8.100.000	1.172.841	9.272.841	1.408.680	15,2%	143.741	1,6%
Lífeyrissjóður starfsm. Búnaðarbanka Íslands	5.280.000	648.201	5.928.201	4.400.000	814.550	5.214.550	713.651	13,7%	105.975	2,0%
Lífeyrissjóður Rangæinga	5.280.000	368.605	5.648.605	2.500.000	358.002	2.858.002	2.790.603	97,6%	2.022.041	70,8%
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	5.280.000	328.231	5.608.231	4.400.000	396.416	4.796.416	811.815	16,9%	68.998	1,4%
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	3.000.000	178.114	3.178.114	2.500.000	182.256	2.682.256	495.858	18,5%	49.161	1,8%
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	Sameining við LSR			8.100.000	1.063.738	9.163.738	-9.163.738	-	-9.163.738	-
Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar	Sameining við Brú lífeyrissjóð			2.500.000	160.198	2.660.198	-2.660.197	-	-2.660.198	-
Eftirlaunarsjóður Reykjanesbæjar	Sameining við Brú lífeyrissjóð			2.500.000	151.323	2.651.323	-2.651.323	-	-2.651.323	-
Eftirlaunarsj. Starfsm. Útvegsbanka Íslands	Sjóður lagður niður			1.400.000	1.067	1.401.067	-1.401.067	-	-1.401.067	-
Samtals:	199.680.000	128.307.419	327.987.419	179.000.000	125.640.000	304.640.000	23.347.420	7,7%	25.987.875	8,5%